

Fundarboð

Aðalfundur U3A Reykjavík 2019

verður haldinn þriðjudaginn 19.mars 2019 kl. 16:30 í Hæðargarði 31.

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar kynnt og umræður um hana
4. Reikningar félagsins lagðir fram og bornir upp til samþykktar
5. Umræður um starfið framundan
6. Ákvörðun árgjalds
7. Breytingar á samþykkt
8. Kosning formanns, stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga ásamt einum til vara
9. Önnur mál

Dagskráin er samkvæmt samþykkt U3A Reykjavík sem má finna [hér](#). Vakin er athygli á eftirfarandi ákvæðum sem varða framkvæmd aðalfundar:

“Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal haldinn í mars ár hvert og telst löglegur ef til hans er boðað rafrænt eða bréfléga með minnst 15 daga fyrirvara.”

“Tillögur að breytingum á samþykkt samtakanna skulu hafa borist formanni þeirra eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Senda skal slíkar tillögur til félaga fyrir aðalfund.”

“Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykkt samtakanna.”

“Allir félagar sem hafa greitt árgjald hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.”

Engar tillögur til umfjöllunar á aðalfundi hafa enn borist. Stjórnin mun kynna tillögur sínar um endurnýjun stjórnar þegar nær dregur.

Að loknum aðalfundarstörfum verður kaffi og meðlæti í boði og tækifæri gefst til að ræða saman um starf og stefnu samtakanna. Enginn aðgangseyrir. Skráning nauðsynleg. [SKRÁ MIG HÉR](#).

3. mars 2019

f.h. stjórnar

Hans Kristján Guðmundsson, formaður

Netfang: hanskr@simnet.is